

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
B.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur nefndarritara

Reykjavík, hinn 7. apríl 2002

Efni: Umsögn BHM um starfslok lögreglumanna – frumvörp til laga um breyting á lögum nr. 1/1997 um LSR og lögreglulögum nr. 90/1996 (493., sbr. 494., mál)

Bandalag háskólamanna (BHM) styður þær lagabreytingar, sem lagðar eru til í þingmálum nr. 493 og 494 og nauðsynlegar eru á lögum nr. 1/1997 um LSR og lögreglulögum nr. 90/1996 vegna flýtingar starfsloka lögreglumanna, enda er um að ræða fullnustu á yfirlýsingu ráðherra með samkomulagi aðila kjarasamnings, sbr. 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar um samningsrétt launafólks.

BHM hefði talið eðlilegra að setja málið fram sem *almenna heimild í lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR)* – í þeim tilvikum þegar kjarasamningar mæltu fyrir um annan starfsloka- og lífeyrisaldur en þann sem nú tíðkast almennt enda byggjast lífeyrisréttindi í raun á samningum aðila vinnumarkaðarins. Þessa athugasemd má skoða í ljósi ummæla í áliti efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 15. mars sl. sem lokið hefur verið síðan málið barst til umsagnar BHM, sbr. þskj. 1011:


“Nefndin vekur athygli á að aðrar stéttir en lögreglumenn telja sig eiga rétt á að hljóta sömu kjör og lögreglumönnum eru tryggð með kjarasamningum og frumvarpi því sem hér er til meðferðar og bendir á að búast megi við kröfum stétta á borð við fangaverði, tollverði og flugumferðarstjóra um sömu réttindi á næstu árum. Nefndin gerir sér grein fyrir því að á næstu árum kunna að verða gerðir kjarasamningar við aðra hópa opinberra starfsmanna sem kveða á um breytt lífeyrisréttindi.”

Auk þeirra stétta sem nefnd eru í framangreindri tilvitnun hafa t.a.m. ýmsar heilbrigðisstéttir og aðrir hópar háskólamanna sett fram sambærilegar hugmyndir um flýtingu starfsloka auk þess sem sveigjanleg starfslok eru mjög í umræðu nú.

Beðist er velvirðingar á drætti sem orðið hefur á að umsögn yrði veitt.

BHM tekur ekki afstöðu til annarra atriða í 494. þingmáli en sem tengjast þessu efni.

Virðingarfyllst,
f.h. BHM,



Gísli Tryggvason,
framkvæmdarstjóri BHM.

Afrit: Allsherjarnefnd Alþingis.